



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Hafnarfirði 26. júní 2014

Ágæti Stefán

Í framhaldi af samtali okkar föstudaginn 28. mars sl. auk tölvupósts frá þér 16/6/2014 um ytri úttekt Gátar sf. á Flensborgarskólanum þá óska ég eftir að fá að birta með eftirfarandi greinargerð með skýrslunni. Flensborgarskólinn hefur lengið beðið slíkrar úttektar og mikilvægt fyrir mig sem starfandi skólameistara að fá slíka úttekt, enda er meginverkefni nýs skólameistara (hver sem sá verður) haustið 2014 að leysa, sérstaklega, fjárhagsvanda skólans.

Athugasemdir mínar koma til vegna þess að í skýrslunni eru beinar rangfærslur eða ónákvæmni, mjög einhliða túlkanir þar sem ekki er tekið tillit til almennra sjónarmiða, að stuðst er við úreltar upplýsingar þegar nýrri og betri eru til auk þess sem í mörgum tilfellum er ekki kafað í málin eins og þyrfti. Það eru því vonbrigði að þessi skýrsla sé ekki betur upplýsandi en raun ber vitni.

Skýrslan verður sett á vef skólans með umbótaáætlun og athugasemdum.

Magnús Þorkelsson
Skólameistari

Athugasemdir vegna úttektar Gátar sf. á Flensborgarskólanum vorið 2014

Að tilstuðlan mennta- og menningarmálaráðuneytisins var unnið ytra mat á starfsemi Flensborgarskólans á haustönn 2013 og vorönn 2014. Stjórnendur skólans fengu drög að skýrslunni til umsagnar. Fulltrúar skólans gerðu fjölda athugasemda sem ekki var tekið tillit til að öllu meyti.

Stjórnendur skólans telja því nauðsynlegt að neðangreint yfirlit verði birt með skýrslunni.

Beinar rangfærslur / ónákvæmni

Í skýrslunni eru allnokkur dæmi um um beinar rangfærslur og ónákvæmni sem yfirvöld skólans vilja benda á.

1. Á bls. 3 má nefna tvö dæmi:

- a. Þar segir efnislega að kennarar kenni „flestir í sínum greinum.“ Í texta skýrslunnar kemur fram að það er einn kennari sem gerir það ekki. Á þetta hefur verið bent.

Um skipan yfirstjórnar er sagt, oftast en einu sinni, að hún sé fjölskipaðri en venja er til. Hér teljum við fyrst og fremst skilgreiningu skipurits að ræða. Við Flensborg eru störf áfangastjóra, mannauðsstjóra og fjármálastjóra flokkuð undir yfirstjórn en í sambærilegum skólum er það ekki alltaf gert. Sambærileg störf eru víðast hvar til staðar, þó þau beri önnur heiti.

2. Bls. 8

- a. Hér vekur athygli orðalagið að „gerðar hafi verið miklar úrbætur á húsnaði skólans og það virðist fullnægjandi.“ Það að tiltölulega nýtt húsnaði og endurnýjað „virðist fullnægjandi“ en ekki meira hlýtur að teljast orðalag sem er til þess fallið að gera minna úr hlutum en meira. Ekki síst þegar litið er til þess að úttektaraðilar gerðu enga formlega könnun t.d. á verklegum tilraunastofum sem hafa m.a. fengið þá umsögn vísindamanns úr háskólaheiminum að þær standist kröfur sem gerðar væru í háskólum.

3. Bls. 18

- a. Hér er notað hugtakið starfsmannaviðtöl sem var leiðrétt í handriti en við notum hugtakið starfsmannasamtöl. Ábendingin var ekki virt.

4. Bls. 29

- a. Hér er sagt að það séu tveir stundakennarar án réttinda. Bent var á að þetta væru úreltar upplýsingar, engir stundakennarar án réttinda störfuðu lengur við skólann, það var ekki leiðrétt.

5. Bls. 40

- a. Hér er bein rangfærsla um mannauðsstjóra og yfirtöku hans á sjálfsmati. Það er alrangt að mannauðsstjóri hafi tekið sjálfsmatið yfir. Athugasemd skólameistara um þetta atriði var virt að vettugi.

Einhliða túlkanir þrátt fyrir ábendingar um annað.

Gerðar voru athugasemdir við nokkrar túlkanir í skýrslunni. Einungis var tekið tillit til hluta þeirra. Eftirfarandi standa út af.

6. Bls. 24

- a. Nemendur fullyrða um kennara sem aldrei skrái fjarvistir. Staðfestingar hefði mátt leita hjá mætingastjóra um t.d. réttan fjölda og umfang.

7. Bls. 31/32

- a. Hér gera sérfræðingar Gátar sf engan greinarmun á þeirri endurmenntun er skólinn getur staðið fyrir og þeirri sem KÍ og aðrir aðilar eiga að standa fyrir. Þetta er fjármagnað á ólíka vegu og hefur skólinn t.d. lítið um seinni liðina að segja.

8. Bls. 35

- a. Hér er vikið að launaröðun kennara og stjórnenda við Flensburg. Túlkun höfunda er óbreytt frá handriti, þótt athugasemdir skólameistara séu nefndar. Gögnin sem byggt er á eru frá 2007. Hér hefðu höfundar getað beðið um uppfærðar upplýsingar frá FF/FS, þ.e. fengið sendar sömu upplýsingar og skólinn fékk. Það er ófært að úttektaraðilar annars vegar og skólinn hins vegar fái jafn misvísandi upplýsingar frá stéttarfélaginu og raun ber vitni. Við teljum því að þessi skýrsla gefi ekki rétta mynd af þeim raunverulegu starfskjörum sem kennarar og stjórnendur skólans njóta.

9. Kafli 6.4

- a. Hér er vitnað í þriggja ára gömul gögn en skoðanir og markmið núverandi skólameistara að engu hafðar. Þá voru ábendingar ekki teknar til greina nema ein sem var að fella út setningu sem kennir Fiskvinnsluskólanum um ill örlög skólans.

10. Kafli 6.5

- a. Hér er ekki unnið úr upplýsingum frá fjármálastjóra nema að litlu leyti.

Víða í skýrslunni eru einhliða upplýsingar, úreltar upplýsingar og nánast búin til vandamál sem eru ekki til staðar. Hvað er átt við þegar sagt er að bókasafn virðist búið gögnum, húsnæði virðist fullnægjandi?

Þá standa eftir niðurstöður sem ekki eru rökstuddar í textanum t.d. um óhentuga staðsetningu les/vinnurýma. Í kafla 2.4 er ekki vikið að þessu en það kemur í ályktunum. Sama gildir um ályktun um samstarf við Iðnskólann (3.6 og 10.2).

Hvað varðar boðskipti og upplýsingastreymi t.d. til foreldraráðs þá er algjörlega litið framhjá því að foreldraráðið á fulltrúa í skólanefnd, fær fundargerðir þess og afrit af bréfum til foreldra og oft starfsmanna líka.

Úreltar upplýsingar

Í nokkrum tilfellum er stuðst við gamlar og úreltar upplýsingar. Höfundum skýrslunnar var bent á að hægt væri að finna eða vinna nýrri upplýsingar. Í neðangreindum dæmum var það ekki gert.

Kafli 2.4

Hér er byggt á gamalli könnun þar sem niðurstöðurnar eru í heild mjög jákvæðar. Þar var spurt m.a. um stjórnun og kynjahlutföll og sagt að tæpur helmingur sé því sammála að kynjahlutföll í stjórnun sé í samræmi við sömu hlutföll í hópi starfsmanna og sagt að fimmtungur sé því *beinlínis* ósammála. Mátti ekki eins nota orðalag könnunarinnar, mjög eða frekar ósammála? *Beinlínis* er að okkar mati nokkuð sterkar til orða tekið en *frekar*.

Það er mat skólameistara að upplýsingar í kafla 2.4 séu ekki fullnægjandi. Hann sendi eftirfarandi viðbótarupplýsingar til úttektaraðila:

- b. *Í yfirstjórn skólans eru 2 karlar en þrjár konur (40/60%). Ef við tökum sviðsstjórnarhópinn þá eru tveir karlar og sjö konur (22/78%) og fólk með mannaforráð er tekið saman við síðastnefnda hópinn þá eru það 18 manns, þar af fjórir karlar og hlutföllin því 22/78%. Þetta eru raunverulegar og réttar tölur. Kynjahlutföll starfsmanna eru nær 40/60%.*
- c. Þessar upplýsingar voru ekki birtar.
- d.

Kafli 2.13 þar er talað um að ekkert samstarf sé við sérfræðipjónustu skóla í bænum. Skólayfirvöldum er ekki ljóst við hvað er átt og hvort slíkt sé til staðar hér í bænum. Líklega er átt við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Þjónusta Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar stendur Flensborgarskólanum ekki til boða í ljósi þess hvernig verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er háttað. Þessi setning ætti ekki að standa ef menn þekkja til.